

30. október.

427

Nr. 250.

REGLUR

um varnir gegn óhreinkun sjávar af völdum olíu.

1. gr.

Ákvæði alþjóðasamþykktar frá 12. maí 1954, um varnir gegn óhreinkun sjávar af völdum olíu, skulu ná til allra íslenzkra skipa, að því er varðar losun á olíu og olíumenguðum sjó, innan þeirra bannsvæða, sem samþykktin ákveður.

2. gr.

Oliustöðvar í landi, smurstöðvar og verksmiðjur, skulu sjá svo um, að frá þeim komist engin olía eða olíumengaður vökvi til sjávar, hvorki beint né óbeint, gegnum holræsi eða á annan slíkan hátt og skulu ákvæði alþjóðasamþykktar þeirrar, sem um getur í 1. gr., gilda um oliustöðvar í landi, smurstöðvar, verksmiðjur og aðra slíka starfsemi, eftir því sem við á.

3. gr.

Skipaskoðunarstjóri hefur eftirlit með framkvæmd reglna þessara og skal hann hafa samráð við oliufélög, skipafélög, samtök iðnrekenda, hafnaryfirvöld, Dýraverndunarsamband Íslands og Náttúruverndarráð um ráðstafanir til að fyrirbyggja óhreinkun sjávar af völdum olíu og framkvæmd reglna um slík efni, eftir því sem ástæða þykir til.

4. gr.

Brot gegn þessum reglum varða sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum ákvæðum.

5. gr.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Reglur þessar eru settar samkvæmt 3. gr. laga nr. 101 28. desember 1961, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamþykkt um að fyrirbyggja óhreinkun sjávar af völdum olíu og setja reglur um frekari varnir gegn slíkri óhreinkun sjávarins, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 30. október 1964.

Emil Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.